

Félag viðurkenndra bókara
Hátúni 6A
105 Reykjavík

Reykjavík, 1.2.2023
Tilvísun: 20230200216

Skil atvinnumanna á skattframtölum viðskiptamanna 2023

I. Almenn

Ríkisskattstjóri hefur á grundvelli samstarfs við Félag löggiltra endurskoðenda, FLE, og Félag bókhaldsstofa, FBO, ákveðið að fagaðilar, þ.m.t. endurskoðendur og bókarar, fái samkvæmt bréfi þessu heimildir til rýmri framtalsskila en almennt gildir. Eru þær sérstöku heimildir þannig umfram almenna framtalsfresti, sbr. auglýsingu ríkisskattstjóra, dags. 7. desember 2022, nr. 1448/2022, sem birt var í B-deild stjórnartíðinda 21. desember sl. Hafa af þessu tilefni verið settar viðmiðanir og skilyrði, svo sem síðar greinir í bréfi þessu í köflum II. - V.

Notkun frestlista var hætt á framtalsárinu 2017 og í þeirra stað voru teknir upp **skilalistar**. Í því hugtaki felst að fagaðili **útfylli á heimasíðu Skattsins** lista yfir þá **lögaðila** sem hann hefur tekið að sér að skila skattframtali fyrir í ár, sbr. kafla III. Skilalista skal skrá á slóðinni skatturinn.is/skil. Ekki er gerð krafa um skilalista fyrir einstaklinga.

II. Um sérstök skilyrði og tímafresti við skil á ársreikningum

Framlenging á almennum skilafresti skattframtala lögaðila samkvæmt skilalistum tekur til þeirra endurskoðenda og bókara sem fallast á að fara að þeim skilmálum sem settir eru í bréfi þessu. Framlenging á skilafresti 2023 miðast alfarið við **rafræn skil** á skattframtölum og viðkomandi fylgiblöðum framtalsins, þar með talið ársreikningi eftir því sem við á, sbr. það er að neðan greinir.

Athygli er vakin á því að almenn skylda til að skila ársreikningi með skattframtali tekur þó **ekki** til þeirra **örfélaga**, sem nýta sér heimild til að skila efnahags- og rekstraryfirliti til ársreikningaskrár skv. 1. gr. reglugerðar nr. 974/2016, um framsetningu og innihald ársreikninga örfélaga byggt á skattframtölum („Hnappurinn“).

Þá skal vakin athygli á mikilvægi þess að staðin séu skil á ársreikningum til ársreikningaskrár með rafrænum hætti og innan lögboðins skilafrests, sem er eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings og samstæðureiknings, ef við á, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs eða 31. ágúst ár hvert fyrir þau félög sem notast við almanaksár sem reikningsár.

Athygli skal vakin á því að ef örfélag nýtir sér heimild til að skila Hnappsreikningi er lokadagur skila reikningsins sá sami og á skattframtölum lögaðila, sem er til 30. september næstkomandi. Heimild þessi er bundin við að skilað sé Hnappsreikningi í samræmi við heimild í 7. mgr. 3. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og kann að takmarkast af ákvæðum 8. mgr. sömu greinar.

Skilafrestur ársreikninga allra lögaðila til ársreikningaskrár vegna rekstrarársins 2022, annarra en þeirra örfélaga sem hafa heimild til að skila Hnappsreikningi og nýta sér framangreinda heimild, rennur þannig út þann 31. ágúst 2023 og beiting sekta vegna vanskila á ársreikningum miðast því við framangreint tímamark.

Að lokum skal ítrekað að skilafrestur skattframtala stórra félaga er til 31. maí og skilafrestur til ársreikningaskrár er samkvæmt framansögðu, eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings og samstæðureiknings, ef við á, þó eigi síðar en 8 mánuðum eftir lok reikningsárs eða til 31. ágúst.

III. Um skil á skattframtölum 2023

1. Framtölum einstaklinga, hvort heldur er utan atvinnurekstrar eða með atvinnurekstur, skal skilað með jöfnum hætti innan framtalstímabilsins 1. mars til 15. apríl.
2. Skattframtölum stærri lögaðila skal skilað fyrir 31. maí og með jafnri dreifingu. Til stórra lögaðila teljast þeir sem eru með veltu yfir 600 milljónum kr. og eignir yfir 300 milljónum kr.
3. Skattframtölum minni lögaðila, þ.e. undir framangreindum stærðarmörkum, skal skilað með sem *jafnastri dreifingu* frá upphafi framtalstímabils 1. febrúar til 30. september, sem er lokaskiladagur í ár og er sá skiladagur endanlegur. Tíminn sem unnt er að skila telur um átta mánuði og ef skil væru alveg með jöfnum hætti bæri að skila um 12,5% af heildarfjöldanum í hverjum mánuði. Því skal áréttað að haldið sé við sem jöfnust skil, þannig að ekki komi til þess að hámark skila í júlí og ágúst fari fram úr 40%. Þá skal tekið fram sérstaklega að uppsöfnuð lokaskil í september skulu ekki fara fram úr 20%, þannig að grípa þurfi til sérstakra ráðstafana.

Endurskoðendur og bókarar skulu hafa útfyllt skilalista á heimasíðu Skattsins (skatturinn.is/skil) fyrir 1. apríl nk. vegna þeirra lögaðila undir stærðarmörkum, sbr. 3. tölul., sem þeir annast skil fyrir. Á skilalista komi m.a. fram kennitala félags, netfang og fyrirhugaður skilamánuður hvers einstaks lögaðila, sem ætlunin er að annast skil fyrir.

IV. Almenn skilyrði

Almennt skal gæta eftirfarandi atriða við skil á skattframtölum, ársreikningum og öðrum framtalsgögnum:

Framtöl einstaklinga:

- Réttilega útfyllt eyðublað RSK 4.11, sem uppfyllir jafnframt öll skilyrði III. kafla laga um bókhald, telst fullnægjandi sem ársreikningur með framtali einstaklings í rekstri. Sé eðli starfseminnar hins vegar þannig að sundurliðun á tekjum, gjöldum, eignum og skuldum samkvæmt RSK 4.11 gefi ekki skýra mynd af henni, **skal** sérstakur ársreikningur ásamt skýringum og sundurliðunum fylgja framtali ásamt RSK 4.11. eða eftir atvikum RSK 1.04, sbr. 7. gr. augl. nr. 1448/2022.

- **Framtali lögaðila;** RSK 1.04, sem annað hvort hefur ekki heimild eða nýtir sér ekki heimild til að nota „Hnappinn“, skal fylgja undirritaður ósamandreginn ársreikningur ásamt skýringum og sundurliðunum. Aðrir lögaðilar, sem heimild hafa og nýta sér „Hnappinn“, þurfa ekki samhliða framtalsskilum að senda með sérstakan ársreikning. Fjárhæðir á RSK 1.04 skulu grundvallast á ársreikningi hvers einstaks lögaðila vegna rekstrar hans, óháð því hvort framteljandi hefur stöðu móður- eða dótturfélags innan fyrirtækjasamstæðu. Í þeim tilfellum, þegar ríkisskattstjóri hefur heimilað samsköttun, skv. 55. gr. laga nr. 90/2003, skal að auki fylgja samstæðureikningur.
- Ef framteljandi gerir út skip eða bát, sem stundar fiskveiðar, skal gera grein fyrir aflaverðmæti og aflamagni pr. fisktegund og heildarkostnaði við útgerð viðkomandi skips eða báts á sérstöku yfirliti, RSK 4.29, í framtalsskilunum.
- Þeir lögaðilar sem eiga í viðskiptum við tengda aðila (e. transfer pricing) og falla undir ákvæði um skjölunarskyldu skv. 5. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, skulu staðfesta skjölunarskylduna og skila með framtalinu forminu RSK 4.28.
- Ef framteljandi á eignarhlut eða er ráðandi aðili í félagi (CFC) í lágskattaríki, skal gera grein fyrir slíkum eignarhlut og tekjum af honum á sérstakri skýrslu, RSK 4.25, í framtalsskilunum.
- Ársreikningi og öðrum nauðsynlegum fylgiskjölum með skattframtali skal skila **rafrænt** á sama tíma og skattframtali.
- Ef rafrænum ársreikningum er skilað ber að gera það annað hvort samhliða sendingu skattframtals úr framtalsforriti eða á þjónustuvefnum *skattur.is*. Á það jafnt við um ársreikninga lögaðila sem og ársreikninga einstaklinga í atvinnurekstri.

V. Eftirfylgni

Almenn ákvæði X. - XIV. kafla laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, gilda þegar almennum framtalsfresti er lokið. Sama á við þegar skilafrestur rennur út, þ.e. að framteljandi sætir áætlun sé skilað utan framangreindra lokafresta.

Ríkisskattstjóri mun senda framteljendum ábendingar þegar skilafrestur er að renna út og afrit slíkra tölvupósta fer mögulega einnig til viðkomandi endurskoðenda og bókara. Jafnframt mun endurskoðendum og bókurum, eftir því sem ástæða er til, verða gerð grein fyrir stöðu og frávikum skila í einstökum tilvikum.

Athygli er vakin á því að meginforsendan fyrir því að einstökum fagaðilum eða skrifstofum fagaðila verði veittur framlengdur skilafrestur umfram auglýstan almennan skilafrest 31. maí á skattframtölum lögaðila er **að útfylltur verði skilalisti á heimasíðu Skattsins. Hefur frestur til að útfylla skilalista verið ákveðinn 1. apríl n.k. vegna lögaðila undir fyrrgreindum stærðarmörkum.**

Virðingarfyllt,
f.h. ríkisskattstjóra


Elín Alma Arthursdóttir


Karl Óskar Magnússon